

## SAMÞYKKT

### um afgreiðslur byggingarnefndar Húnavatnshrepps.

1. gr.

Byggingarfulltrúi Húnavatnshrepps fer með verkefni sem mælt er fyrir um í lögum nr. 160/2010 um mannvirki og ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna, þar á meðal útgáfu byggingarleyfa.

2. gr.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis af hálfu byggingarfulltrúa samkvæmt III. kafla laga um mannvirki er að skipulags- og byggingarnefnd Húnavatnshrepps hafi samþykkt útgáfuna, en nefndin annast verkefni byggingarnefndar, sbr. 7. gr. laga um mannvirki.

3. gr.

Byggingarfulltrúi skal hafa samráð við skipulags- og byggingarnefnd Húnavatnshrepps um hvert það mál sem hann telur að varði verksvið nefndarinnar.

Byggingarfulltrúi skal leita samþykkis skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps áður en byggingarleyfi er veitt, varði breyting á mannvirki útlit þess og form, nema breyting sé óveruleg, sbr. 5. mgr. 9. gr. laga um mannvirki.

4. gr.

Um málsmeðferð gilda að öðru leyti ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, laga nr. 160/2010 um mannvirki, skipulagslaga, nr. 123/2010, stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, og samþykktar nr. 513/2013 um stjórn og fundarsköp Húnavatnshrepps, eftir því sem við á.

5. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Húnavatnshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 6. maí 2014.*

F. h. r.

**Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.**

*Hafsteinn Pálsson.*